

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Kristín Þorleifsdóttir
340 Stykkishólmur

Reykjavík, 3. september 2024
UST202407-360/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Breyting á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 og nýtt deiliskipulag - Vigraholt

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Stykkishólms er barst 24. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012 - 2024 og nýju deiliskipulagi fyrir Vigraholt

Í greinargerð kemur fram að samkvæmt aðalskipulagi er svæðið sem hér er til umfjöllunar frístundabyggð, landbúnaðarland og efnistöku-efnislosunarsvæði sem mun verða eftir breytingu frístundabyggð, íbúðarbyggð og verslun og þjónusta.

Auk þess segir að áætluð stærð deiliskipulagssvæðisins er 133,4 ha. og nafni svæðisins verður breytt úr Saurar 9 í Vigraholt við Vigrafjörð. Auk þess segir að gert ráð fyrir að þar muni rísa allt að 33 frístundahús, allt að 10 íbúðarhús og hótél með baðlóni, veitingahúsi og handverks brugghúsi. Einnig segir að það verði gistirými í frístandandi smáhýsum á þjónustusvæði hótelsins. Tillagan gerir einnig ráð fyrir að heimilt verði að byggja tvö fylgihús á lóðum frístundahúsa og íbúðarhúsa. Hámarks byggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu er áætlað 21.500 m².

Vatn

Í greinargerð segir að innan skipulagsvæðisins séu svæði svo sem leirur og fitjar sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Umhverfisstofnun bendir á að Sauravatn nýtur einnig verndar samkvæmt ákvæðum laganna. Umhverfisstofnun bendir á þó svo að tillagan geri ráð fyrir að byggingar séu 50 m frá vötnum, er nauðsynlegt að fjalla um votlendið innan skipulagsvæðisins og meta áhrif tillögunnar á það. Auk þess þarf að meta hver áhrif tillögunnar eru á vatn í samræmi við lög um stjórn vatnamála og vatnaáætlun.

Birkiskógur

Í greinargerð deiliskipulagsins kemur fram að innan skipulagsvæðisins vex birkiskógur. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að markmið laga nr. 33/2019 um skóga og skógrækt er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Náttúruskógur er skilgreindur skv. lögnum sem land, a.m.k. 0,5 ha að flatarmáli, þar sem sjálfsánar, innlendar trjategundir, þ.e. ilmbjörk, reyniviður, blæösp, gulvíðir eða loðvíðir, eru ríkjandi og ná a.m.k. tveggja metra hæð fullvaxnar og a.m.k. 10% krónuþekju.

Skilgreining á birkiskógi er að trén sem skógurinn samanstendur af séu að lágmarki 2 m á hæð fullvaxta. Lægra birki flokkast sem birkikjarr.

(<https://www.skogur.is/is/rannsoknir/rannsoknasvid/landupplýsingar>)

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin (Land og skógur) hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga og því mikilvægt að fá álit stofnunarinnar á framkvæmdunum.

Vistgerðir og fuglalíf

Í greinargerð segir að innan skipulagsvæðisins er mikilvægt fuglasvæði. Umhverfisstofnun bendir á þó svo að tillagan geri ráð fyrir að byggingar séu 50 m frá flæðarmáli, er nauðsynlegt að fjalla um fuglasvæðið og meta áhrif tillögunnar á fuglalíf, bæði á sjó og á landi. Auk þess þarf að fjalla um farleiðir fugla t.d. frá Sauravogi að Sauravatni ef við á.

Óljóst er hvort farið hefur fram gróðurfarsútekt á svæðinu og grunnástand fuglalífs á svæðinu metið.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagsvæðisins m.a. vistgerðin starungsmýravist sem er með mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Í starungsmýravist getur verið ríkt fuglalíf og er algengt að varpfuglategundirnar; lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*) nýti slíka vistgerð til varps.

Umhverfisstofnun bendir á að lóupræll og spói eru ábyrgðartegundir Íslands.

Um allan heim hnignar fjölbreytileika lífríkisins því miður stöðugt og hratt. Megin orsakir eru umsvif mannsins, þar sem á sér stað yfirtaka búsvæða, mengun, útbreiðsla ágengra tegunda, ofnýting náttúrunnar, loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og aðrar mannlegar athafnir.¹²

Skipulagsáætlanir sveitarfélagsins gegna veigamiklu hlutverki, sem verkfæri, í verndun og endurheimt á líffræðilegum fjölbreytileika, bæði innan sveitarfélagsins og utan. Í skipulagsáætluninni er hægt að setja fram stefnu og markmið um rannsoknir, vöktun og skráningu, vernd og endurheimt tegunda og svæða, endurheimt og vernd votlendis og eyðingu ágengra tegunda svo eitthvað sé nefnt.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan getur haft áhrif á vatn þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-

¹ <https://www.ni.is/is/frettir/2022/05/liffraedileg-fjolebreytni-til-framtidar>

² [Mófuglar | moi.hi.is](#)

2027³ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Til að leyfisveitendur geti tryggt að leyfi séu í samræmi við lögin og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun þarf að liggja fyrir mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnshlot sem leyfisveitandi tekur afstöðu til í leyfisveitingarferlinu. Framkvæmdaraðili þarf að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem um ræðir til að meta hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.⁴ Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála⁵). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

³ <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>.

⁴ [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

⁵ [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Landslag og ásýnd

Þar sem fyrirhugað hótél er allt að 3 hæðir og að hámarki 16 m að hæð og hámarks byggingarmagn á deiliskipulagssvæðinu er áætlað 21.500 m² munu byggingar hafa áhrif á ásýnd og landslag svæðisins og mun hótelið vera nokkuð áberandi. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess, þar sem að Breiðafjörður er verndaður m.a. vegna landslags, að metin séu áhrif hótélbyggingarinnar og uppbyggingarinnar á verndarsvæðið í samræmi við 54. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Í umhverfisskýrslu segir að til að milda sýnileg áhrif eru skilmálar settir um að þak- og veggfletir bygginga skulu vera í náttúrulegum tónum (jarðlitum) og samræmi skal vera í útliti bygginga. Umhverfisstofnun bendir á að ofangreindir skilmálar eru ekki í greinargerð deiliskipulagsins og því mikilvægt að þeir séu settir þar inn.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur